

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um launafl.

Frá Smára McCarthy og Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hversu mikið launafl fer til spillis á ári á Íslandi og hvernig hefur sú orkusóun þróast undanfarin ár?
2. Hversu margar MVARh (MWh launafls) eru vegna stóriðju á ári? Eru til sundurliðuð gögn eftir verksmiðjum?
3. Kemur til greina að leggja fram frumvarp um launaflsjöfnun til að draga úr orkusóun, á borð við það sem hefur verið gert í Finnlandi þar sem tekin hefur verið upp sú regla að notendur greiði fyrir launafl umfram ákveðið þak?

Skriflegt svar óskast.